

## Utanríkisverslun með vörur 2004

### Samantekt

Allt árið 2004 voru fluttar út vörur fyrir 202,4 milljarða króna en inn fyrir 240,2 milljarða króna fob, 260,4 milljarða króna cif. Halli var því á vöruskiptunum við útlönd sem nam 37,8 milljörðum króna fob en 16,9 milljarða króna halli var árið 2003. Útflutningur jókst um 11% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs, en innflutningur jókst um 20%. Sjávarafurðir voru 60% alls útflutnings og jukust um 7% frá fyrra ári, iðnaðarvörur voru 35% alls útflutnings og jókst verðmæti þeirra um 15%. Stærstu vöruflokkar innflutnings voru hrá- og rekstrarvörur með 26% hlutdeild, fjárfestingarvörur með 22% hlutdeild og neysluvörur með 18% hlutdeild. Í krónum talið varð mest aukning á innflutningi flutningatækja. Mest var flutt inn frá og út til EES, 78% útflutnings fór til EES og 70% innflutnings kom frá EES. Stærstu viðskiptalönd voru Bretland í útflutningi, 19% af heild, og Pýskaland í innflutningi, 13% af heild.

### Vöruskiptajöfnuður

Útflutningur 202,4 milljarðar fob  
og innflutningur 260,4 milljarðar  
cif

Í töflu 1 er sýnd þróun utanríkisverslunar áratuginn 1995–2004. Innflutningur er hér sýndur á cif-verði en útflutningur á fob-verði, eins og hefð er fyrir í birtingu talna um utanríkisverslun. Á árinu 2004 nam verðmæti vörutíflutningsins í heild 202,4 milljörðum króna fob á móti 260,4 milljarða heildarvöruinnflutningi cif. Þetta þýðir að útflutningur umfram innflutning á árinu 2004 var neikvæður um 58,1 milljarð. Samkvæmt þessum mælikvarða hefur verið halli á utanríkisversluninni allan þennan áratug að undanskildu árinu 1995. Hallinn hefur verið mismikill eða frá um 1,6% af útflutningsverðmæti árið 2002, upp í 36,1% árið 2000. Hallinn á vöruskiptunum var 28,7% árið 2004, 18,6% árið 2003 og 12,4% árið 2001.

Tafla 1. Utanríkisverslun árin 1995–2004

	Í millj. kr. á verðlagi hvers árs			Útflutt	
	Útflutt fob	Innflutt cif	Útflutt umfram innflutt (fob-cif)	umfram innflut- tunni í % af útflutningi	
1995	116.607	113.614	2.993	2,6	
1996	125.690	135.994	-10.304	-8,2	
1997	131.213	143.227	-12.014	-9,2	
1998	136.592	176.072	-39.480	-28,9	
1999	144.928	182.322	-37.394	-25,8	
2000	149.273	203.222	-53.949	-36,1	
2001	196.582	220.874	-24.292	-12,4	
2002	204.303	207.608	-3.305	-1,6	
2003	182.580	216.525	-33.945	-18,6	
2004	202.373	260.431	-58.058	-28,7	



### Vöruskiptajöfnuður óhagstæður


Vöruskiptajöfnuður er reiknaður út frá fob-verði bæði innflutnings og útflutnings. Innflutningur fob nam 240,2 milljörðum króna og var vöruskiptajöfnuðurinn 2004 því óhagstæður um 37,8 milljarða. Í töflu 2 kemur fram að vöruskiptajöfnuðurinn fob við útlönd hefur verið hagstæður þrjú ár af þeim tíu árum sem hér eru sýnd. Mestur afgangur varð árið 1995, 3,0% af vergri landsframleiðslu. Halli var á vöruskiptunum sjö þessarra ára, mestur 5,8% af vergri landsframleiðslu árið 2000. Árið 2004 var halli 4,4% af vergri landsframleiðslu. Á mynd 1 má sjá vöruskiptajöfnuð í hlutfalli af útflutningi og vergri landsframleiðslu og á mynd 2 má sjá þróun útflutnings fob, innflutnings fob og vöruskiptajafnaðar fob.

**Tafla 2. Vöruskiptajöfnuður árin 1995–2004**


Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs		Á föstu verðlagi ársins 2004 <sup>1</sup>		Vöruskiptajöfnuður		
	Útflutt fob	Innflutt fob	Útflutt fob	Innflutt fob	Á verðlagi hvers árs	Ársins 2004 <sup>1</sup>	Hlutfall af vlf., %
	116.607	103.539	163.944	180.715	13.068	-16.771	2,97
1996	125.690	124.836	161.945	186.834	854	-24.890	0,18
1997	131.213	131.326	166.602	186.983	-113	-20.381	-0,02
1998	136.592	162.062	178.130	185.639	-25.470	-7.509	-4,49
1999	144.928	167.778	176.467	186.219	-22.850	-9.752	-3,76
2000	149.273	187.276	184.159	202.263	-38.003	-18.104	-5,75
2001	196.582	203.083	226.150	243.601	-6.501	-17.451	-0,88
2002	204.303	191.205	220.463	237.481	13.098	-17.018	1,71
2003	182.580	199.512	199.313	230.951	-16.932	-31.638	-2,12
2004	202.373	240.160	202.373	240.160	-37.787	-37.787	-4,40

<sup>1</sup> Miðað við breytingar á magnvísitolum útflutnings og innflutnings sem eru reiknaðar út frá verðvísitolum samkvæmt einingarverðum úr tollskrárnúmerum.

**Mynd 1. Vöruskiptajöfnuður (fob-cif) í hlutfalli af útflutningi og vöruskiptajöfnuður (fob-fob) í hlutfalli af vergri landsframleiðslu**




**Mynd 2. Utanríkisverslun 1985–2004**



Mynd 3 sýnir hlutfall útflutnings og innflutnings vöru af vergri landsframleiðslu yfir rúmlega 30 ára tímabil. Þar sést að hlutdeild útflutnings og innflutnings hefur lengst af verið um og yfir fjórðungur af landsframleiðslu og hefur heldur farið lækkandi hin síðari ár. Þetta bendir til þess að þegar litið er á vörุviðskiptin eingöngu þá sé hagkerfið ekki að verða opnara en aftur á móti hafa þjónustuviðskiptin við útlönd stóraukist. Sveiflur í gengi geta einnig skekkt þennan samanburð einstök ár.

**Mynd 3. Útflutningur og innflutningur í hlutfalli af vergri landsframleiðslu 1960–2004**



### Verð- og magnbreytingar 2003–2004

*Útflutningur og innflutningur jókst á föstu gengi*

Verðmæti vöruútflutnings jókst um 12,4% frá árinu 2003 til 2004 og verðmæti innflutnings fob jókst um 22,0% þegar tekið hefur verið tillit til 1,3% lækkunar á meðalverði erlends gjaldeyris á milli ára, eins og sést í töflu 3. Verðmæti sjávarafurða jókst um 8,5%, reiknað á sama gengi bæði árin og verðmæti

iðnaðarvara jókst um 16,5%. Mest aukning í krónum talið varð í innflutningi á flutningatækjum, hrá- og rekstrarvöru og fjárfestingavöru.

**Tafla 3. Verðmæti útflutnings og innflutnings og breytingar á föstu gengi árin 2003 og 2004**

	2003	2004	Breytingar frá fyrra ári á föstu gengi <sup>1</sup> , %
<b>Útflutningur alls fob</b>	<b>182.580,0</b>	<b>202.373,0</b>	<b>12,4</b>
Sjávarafurðir	113.692,7	121.745,7	8,5
Landbúnaðarvörur	3.480,8	4.261,3	24,1
Iðnaðarvörur	61.834,7	71.073,5	16,5
Aðrar vörur	3.571,8	5.292,5	50,2
<b>Innflutningur alls fob</b>	<b>199.512,4</b>	<b>240.160,0</b>	<b>22,0</b>
Matvörur og drykkjarvörur	17.988,3	20.831,4	17,4
Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.	53.036,2	61.085,6	16,8
Eldsneyti og smurolíur	15.361,9	21.858,6	44,2
Fjárfest.vörur (þó ekki flutn.tæki)	46.066,6	52.823,7	16,2
Flutningatæki	27.034,0	40.013,2	50,0
Neysluvörur ót.a.	39.736,0	43.317,9	10,5
Vörur ót.a (t.d. endursendar vörur)	289,3	229,6	-19,6
<b>Vöruskiptajöfnuður</b>	<b>-16.932,4</b>	<b>-37.787,0</b>	.

<sup>1</sup> Miðað er við meðalgengi á vöruprófskiptavog. Á þann mælikvarða er meðalverð erlends gjaldeyrir 1,3% lægra mánuðina janúar–desember 2004 en sömu mánuði fyrra árs.

*Útflutningsverð og  
innflutningsverð hækkuðu,  
viðskiptakjör við útlönd  
versnuðu*

Í skýrslum Hagstofunnar um utanríkisverslun hefur venjan verið sú að umreikna tölur fyrra árs til meðalgengis líðandi árs til þess að eyða áhrifum gengisbreytinga á verðmætistölur. Aðgreining verðmætisbreytinga milli verð- og magnbreytinga fæst hins vegar ekki nema með útreikningi verðvísitalna. Ein leið er að reikna verðvísitolur samkvæmt einingaverðum úr tollskrárnúmerum. Þetta er gert í töflu 4 og samkvæmt þeim útreikningum hækkaði útflutningsverð í krónum um 1,5% frá árinu 2003 til ársins 2004 og innflutningsverð hækkaði um 3,8% árið 2004 miðað við árið á undan. Viðskiptakjörin við útlönd versnuðu því um 2,2% frá árinu 2003 til ársins 2004.

Í krónum talið varð verðmæti „almenns“ vörutflutnings 10,9% hærra árið 2004 en árið áður og útflutningsverð hækkaði á sama tíma um 1,5%. Að raungildi jókst því vörutflutningur um 9,3% frá 2003 til 2004. Verðmæti „almenns“ innflutnings fob jókst um 18,4% í krónum frá fyrra ári, innflutningsverð hækkaði um 3,8% og því jókst vörumflutningurinn að raungildi um 14,1%.


**Tafla 4. Verð- og magnvísítölur út- og innflutnings og vísitala viðskiptakjara 1995–2004**

Vísitala 2000 = 100	Almennur útflutningur <sup>1</sup>		Almennur innflutningur <sup>2</sup>		Viðskiptakjör
	Verðvísitala	Magnvísitala	Verðvísitala	Magnvísitala	
1995	90,8	85,0	92,6	60,6	98,0
1996	89,7	93,2	95,8	69,6	93,7
1997	92,0	94,2	95,0	75,9	96,8
1998	98,7	93,5	94,0	92,3	105,0
1999	97,5	97,7	93,2	96,5	104,6
2000	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2001	122,9	107,4	120,0	89,2	102,5
2002	120,1	115,3	115,8	87,5	103,7
2003	108,3	115,1	111,4	99,0	97,2
2004	109,9	125,7	115,6	113,0	95,1

<sup>1</sup> Allur útflutningur að ýmsum vörum (liður 90 í eldri vinnslugreinaflokkun Hagstofu Íslands) frátöldum.

<sup>2</sup> Allur innflutningur að skipum, flugvélum og vörum ót.a. (liður 700 í hagrænni flokkun innflutnings) frátöldum.

**Mynd 4. Magnvísítölur útflutnings, innflutnings og vergrar landsframleiðslu 1990–2004**




### Útflutningur og innflutningur eftir helstu vöruflokkum

#### Útflutningur jókst...

Heildarútflutningur 2004 á verðlagi hvors árs jókst um 10,8% eða um 19,8 milljarða króna eins og sjá má í töflu 5. Sjávarafurðir voru 60,2% alls útflutnings, eða 121,7 milljarðar, og jukust um 7,1% frá fyrra ári, eða 8,1 milljarð. Á mynd 5 sést að hlutfall sjávarafurða í vörutíflutningi hefur síðustu ár minnkað smáman, úr 75,3% á árinu 1994, en hlutfall iðnaðarvara í útflutningi hefur aukist, úr 18,7% á árinu 1994 í 35,1% á árinu 2004. Á árinu 2004 vó útflutningur á botnfiski mest í útflutningi sjávarafurða, 36,1% af heildarútflutningi, þá sérstaklega útflutningur á þorski sem var 23,7% alls útflutnings eða 48,0 milljarðar. Þær tegundir sem komu næst útflutningi á þorski voru rækja með 11,7 milljarða króna útflutning, ysa með 10,1 milljarðs króna útflutning og loðna með 9,4 milljarða króna útflutning. Aukningu útflutnings sjávarafurða mátti einna helst rekja til aukins útflutnings á þorski (4,1 milljarður) aðallega ferskum fiskflökum, en einnig varð aukning í útflutningi yssu (3,2 milljarðar, aðallega fersk, heil) og kolmunna. Á móti kom lækkun á útflutningi á loðnu (útflutningur á frystum loðnuhrognum jókst en á móti kom lækkun á loðnulýsi og loðnumjöli).

Iðnaðarvörur voru 35,1% alls útflutnings og jókst verðmæti þeirra um 14,9% eða 9,2 milljarða. Í útflutningi iðnaðarvara munar mestu um ál en útflutningur þess varð 36,5 milljarðar eða 18,0% af heildarútfutningi, jókst um 2,2 milljarða. Útflutningur lyfjavara vó næst mest í iðnaðarvörum, 4,4% eða 9,0 milljarða og lyfjavörur eru jafnframt sá liður iðnaðarvara sem jókst mest frá fyrra ári í krónum talið, eða um 3,8 milljarða.


**Mynd 5. Hlutfallsleg skipting útflutnings eftir vöruflokkum (Hagstofuflokkun) árin 1994–2004**



*...og innflutningur jókst*

Heildarinnflutningur á verðlagi hvors árs jókst um 20,3% eða um 43,9 milljarða á verðlagi hvors árs eins og sjá má í töflu 6. Stærstu liðir innflutningsins voru hrá- og rekstrarvörur, 26,2% af heildarinnflutningi, eða 68,3 milljarðar, fjárfestingarvörur, 21,5% eða 56,1 milljarður og neysluvörur (önnur en mat- og drykkjarvara), 18,0% eða 47,0 milljarðar. Í krónum talið varð mest aukning á innflutningi flutningatækja eða 13,5 milljarðar, þar af jókst innflutningur á fólksbílum um 5,4 milljarða og innflutningur á flugvélum um 4,0 milljarða. Þá jókst innflutningur á hrávöru og rekstrarvöru (9,2 milljarðar), fjárfestingarvörum (7,2 milljarðar) og eldsneyti og smurolíu (6,9 milljarðar).

**Mynd 6. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árið 2004, hlutfallsleg skipting**




## Utanríkisverslun eftir markaðssvæðum og löndum

*78% af útflutningi til EES og 70% af innflutningi frá EES*


Evrópska efnahagssvæðið<sup>1</sup> var stærsta markaðssvæði Íslendinga árið 2004. ESB stækkaði úr 15 löndum í 25 lönd 1. maí 2004 þegar Eistland, Lettland, Litáen, Slóvenía, Tékkland, Slóvakía, Ungverjaland, Malta, Kýpur og Pólland gengu í ESB. Að þessum löndum meðtöldum allt tímabilið fór 78,1% af útflutningi til EES árið 2004 og jókst hlutdeild EES landa úr 72,6% frá árinu 2000 eins og sést í töflu 7. Hins vegar komu 70,4% af innflutningi frá EES, samanborði við 68,7% frá árinu 2000 eins og sést í töflu 8. Á sama tímabili hefur útflutningur til og innflutningur frá Bandaríkjunum og Japan dregist saman.

Íslendingar fluttu út mest til Bretlands en innflutningur var mestur frá Þýskalandi. Sundurliðun á viðskiptum einstakra landa má sjá á vef Hagstofunnar, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) (Hagtölur - Utanríkisverslun – Innflutningur/Útflutningur).

**Mynd 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2000–2004**



**Mynd 8. Innflutningur eftir markaðssvæðum árin 2000–2004**



<sup>1</sup> EES-lönd eru öll ESB lönd og EFTA-lönd að Sviss undanskildu.

*Bretland helsta útflutningsland  
Íslendinga*

Fimm helstu útflutningslönd tóku við tæpum 64% af heildarútflutningi Íslendinga 2004 samanborið við 62% árið 2003 og 63% árið 2002 (töflur 7 og 9). Bretland var helsta útflutningsland Íslendinga árið 2004 eins og árið á undan. Verðmæti útflutnings til Bretlands nam þá 38,5 milljörðum króna, 19% af heildarútflutningi og jókst um 20% frá árinu 2003 reiknað á verðlagi hvors árs. Sjávarafurðir voru 84% útflutningsins til Bretlands árið 2004 og af einstökum vörum innan þess flokks má helst nefna þorsk og rækju. Aukningu útflutnings til Bretlands mátti einna helst rekja til aukins útflutnings á þorski, ýsu og lyfjavörum.

Íslendingar seldu næst mest til Þýskalands á árinu 2004 eins og árið áður. Þangað var flutt út fyrir 35,9 milljarða króna, 18% af heildarútflutningi. Útflutningur til Þýskalands jókst um 13% frá fyrra ári, á verðlagi hvors árs. Aukning á útflutningi til Þýskalands var aðallega vegna aukins álútflutnings og lyfjavöruútflutnings. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Þýskalands var aðeins 17%. Af sjávarafurðum var mest flutt út af karfa. Mesta hlutdeild í útflutningi til Þýskalands áttu iðnaðarvörur, 78%, þá aðallega ál.

Holland var þriðja í röðinni, eins og árin á undan. Sala þangað nam 21,8 milljörðum eða 11% af heildarútflutningi, jókst um 6% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Hlutfall sjávarafurða til Hollands var tiltölulega lágt, eða 26%. Mesta hlutdeild í útflutningi til Hollands áttu iðnaðarvörur, sérstaklega ál.

*Þýskaland helsta  
innflutningsland Íslendinga*


Innflutningur frá þeim fimm löndum sem mest var flutt inn frá nam alls 47% af heildarinnflutningi árið 2004 samanborið við 42% árið 2003 og 46% árið 2002 (töflur 8 og 10). Árið 2004 var mestur innflutningur til Íslands frá Þýskalandi, annað árið í röð. Árið 2004 voru fluttar inn vörur frá Þýskalandi fyrir 32,9 milljarða króna, 13% af heildarinnflutningi og innflutningur þaðan jókst að verðmæti um 29% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Stærsti hluti þessa innflutnings voru vélar og samgöngutæki, sem einnig er helsta ástæða aukningar á innflutningi frá Þýskalandi.

Árið 2004 var næst mest flutt inn frá Bandaríkjum sem var í þriðja sæti árið á undan og nam verðmæti innflutnings þaðan 26,3 milljörðum króna, 10% af heildarinnflutningi og jókst um 63% frá árinu 2003, reiknað á verðlagi hvors árs. Stærsti hluti innfluttra vara frá Bandaríkjum árið 2004 var innflutningur á vélum og samgöngutækjum og var það einnig helsta ástæða aukins innflutnings frá Bandaríkjum.


Noregur var í þriðja sæti innflutningslanda árið 2004, úr því fimmta árið á undan, með innflutning að verðmæti 24,9 milljarða króna, 10% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá Noregi jókst að verðmæti um 66% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Mestur hluti innflutningsins var innflutningur á eldsneyti og var það einnig helsta ástæða aukins innflutnings frá Noregi.

Myndir 9 og 10 sýna útflutning og innflutning eftir helstu viðskiptalöndum árið 2004 og vöruskiptajöfnuð við helstu viðskiptalönd árið 2004. Þar sést að umtalsverður afgangur var á viðskiptum við Bretland en hallí á viðskiptum við Noreg.

**Mynd 9. Útflutningur og innflutningur eftir helstu viðskiptalöndum árið 2004**



**Mynd 10. Vöruskiptajöfnuður við helstu viðskiptalönd árið 2004**



Greining utanríkisverslunar eftir vöruflokkum og markaðssvæðum (töflur 11 og 12) sýnir að EES lönd áttu mesta hlutdeild í útflutningnum 2004, 78%. Sjávarafurðir voru 60% alls útflutningsins og af þeim voru 77% flutt út til EES landa. Þessi lönd keyptu 79% af þeim iðnaðarvörum sem Íslendingar fluttu út. Í innflutningnum vógu hrávörur og rekstrarvörur þyngst (26%) og af þeim voru 76% flutt inn frá EES löndunum. Um 94% eldsneytis kom frá EES löndum, aðallega Noregi, og um 72% fjárfestingarvara komu frá EES löndum.

Á vef Hagstofunnar ([www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)) er hægt að nálgast allar upplýsingar um innflutning og útflutning, svo sem eftir mánuðum, gjaldmiðlum, vöruflokkum SITC, hagrænni flokkun BEC, útflutning eftir vöruflokkum Hagstofu og vinnslugreinum. Einnig eru upplýsingar um utanríkisverslunina eftir löndum, markaðsvæðum og löndum og flokkunum.

**Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2003–2004**

Fob verð á verðlagi hvors árs	2003			2004			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>1.453.079,0</b>	<b>182.580,0</b>	<b>100,0</b>	<b>1.525.012,6</b>	<b>202.373,0</b>	<b>100,0</b>	<b>10,8</b>
<b>1 Sjávarafurðir</b>	<b>808.957,8</b>	<b>113.692,7</b>	<b>62,3</b>	<b>827.537,5</b>	<b>121.745,7</b>	<b>60,2</b>	<b>7,1</b>
11 Uppsjávarfiskur	360.474,8	16.352,6	9,0	339.523,7	17.689,8	8,7	8,2
110 Sild	44.878,4	2.968,6	1,6	68.351,2	4.685,4	2,3	57,8
111 Loðna	244.515,2	11.794,5	6,5	174.324,1	9.365,5	4,6	-20,6
112 Kolmunni	22.135,8	1.049,6	0,6	72.048,2	3.444,9	1,7	228,2
113 Makríll	34,3	2,3	0,0	—	—	—	—
119 Annar uppsjávarfiskur	48.911,1	537,6	0,3	24.800,2	194,0	0,1	-63,9
12 Botnfiskur, helstu tegundir	225.531,1	66.507,1	36,4	253.150,4	73.089,7	36,1	9,9
120 Þorskur	112.700,8	43.912,5	24,1	123.869,9	48.044,5	23,7	9,4
121 Ýsa	23.432,4	6.884,4	3,8	39.447,8	10.052,9	5,0	46,0
122 Ufsi	20.160,0	3.563,3	2,0	29.415,7	4.646,1	2,3	30,4
123 Karfi	58.814,4	9.254,3	5,1	47.973,9	7.523,0	3,7	-18,7
124 Steinbítur	6.317,5	1.801,4	1,0	7.430,5	1.562,7	0,8	-13,2
125 Langa	1.457,2	432,7	0,2	2.461,7	598,4	0,3	38,3
126 Blálanga	10,4	4,3	0,0	9,1	2,9	0,0	-32,3
127 Keila	1.207,8	268,5	0,1	673,8	148,0	0,1	-44,9
128 Skötuselur	1.111,5	319,3	0,2	1.697,6	477,3	0,2	49,5
129 Skata	319,0	66,6	0,0	170,4	33,9	0,0	-49,1
13 Botnfiskur, annar	53.021,1	4.528,2	2,5	46.184,6	4.624,6	2,3	2,1
130 Gulllax	1.395,4	91,9	0,1	938,7	73,4	0,0	-20,1
131 Háfur og annar háfiskur	196,6	27,0	0,0	140,6	19,4	0,0	-28,0
133 Túnfiskur	0,4	0,1	0,0	2,5	0,9	0,0	589,3
138 Grásleppa	823,4	582,8	0,3	719,9	505,3	0,2	-13,3
139 Annar botnfiskur	50.605,4	3.826,4	2,1	44.382,8	4.025,6	2,0	5,2
14 Flatfiskur	22.875,8	7.210,8	3,9	21.693,1	7.407,5	3,7	2,7
140 Grálúða	13.755,0	4.139,2	2,3	11.791,1	3.934,6	1,9	-4,9
141 Lúða	674,1	291,1	0,2	469,6	260,6	0,1	-10,5
142 Skarkoli	2.891,2	807,2	0,4	3.591,5	1.154,2	0,6	43,0
143 Sólflúra	157,5	49,3	0,0	216,6	64,0	0,0	29,9
149 Annar flatfiskur	5.397,9	1.924,0	1,1	5.624,3	1.994,0	1,0	3,6
16 Krabbadýr, skeldýr og lindýr	33.955,2	13.469,9	7,4	34.397,0	12.986,4	6,4	-3,6
160 Rækja	31.311,0	11.963,8	6,6	30.840,1	11.719,2	5,8	-2,0
161 Humar	1.152,3	1.144,4	0,6	910,7	837,4	0,4	-26,8
162 Hörpudiskur	172,4	127,8	0,1	6,5	4,0	0,0	-96,9
164 Smokkfiskur	505,0	45,6	0,0	1.393,8	143,9	0,1	215,2
165 Ígulker	—	—	—	2,5	2,5	0,0	•
166 Kúfiskur	785,6	164,7	0,1	1.035,4	197,1	0,1	19,7
167 Beitukóngur	—	—	—	7,1	4,0	0,0	•
168 Sæeyra	6,5	13,1	0,0	1,9	8,1	0,0	-37,9
169 Krabbadýr, skeldýr og lindýr ót.a.	22,5	10,4	0,0	198,9	70,3	0,0	574,4
19 Aðrar sjávarafurðir	113.099,8	5.624,1	3,1	132.588,8	5.947,8	2,9	5,8
<b>2 Landbúnaðarvörur</b>	<b>12.455,2</b>	<b>3.480,8</b>	<b>1,9</b>	<b>21.639,0</b>	<b>4.261,3</b>	<b>2,1</b>	<b>22,4</b>
21 Fiskeldi	3.505,3	1.442,5	0,8	4.911,9	1.613,9	0,8	11,9
22 Búfē	464,8	330,6	0,2	469,8	661,5	0,3	100,1
23 Afurðir sláturdýra	4.709,9	1.311,7	0,7	5.044,7	1.384,0	0,7	5,5
24 Mjólk og mjólkurvörur	786,1	77,8	0,0	638,2	80,9	0,0	4,0
25 Aðrar land- og sjávarnytjar	2.774,3	286,8	0,2	10.177,5	498,8	0,2	73,9
29 Aðrar landbúnaðar vörur	214,7	31,6	0,0	396,8	22,2	0,0	-29,6

Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2003–2004 (frh.)

Fob verð á verðlagi hvors árs	2003			2004			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>3 Iðnaðarvörur</b>	<b>520.898,9</b>	<b>61.834,7</b>	<b>33,9</b>	<b>519.809,5</b>	<b>71.073,5</b>	<b>35,1</b>	<b>14,9</b>
31 Matur og drykkjarvara	6.021,3	1.602,1	0,9	6.130,1	1.489,9	0,7	-7,0
310 Fiskmeti	2.497,1	1.256,1	0,7	2.742,8	1.141,8	0,6	-9,1
317 Sælgæti	75,9	45,4	0,0	78,1	45,7	0,0	0,7
318 Drykkjarvörur	3.144,3	109,4	0,1	3.011,6	116,4	0,1	6,4
319 Önnur matvara	304,0	191,2	0,1	297,6	186,0	0,1	-2,7
33 Fóðurvörur	8,5	1,0	0,0	557,4	20,9	0,0	•
34 Heilbrigðis- og hreinlætisvörur	575,4	8.487,3	4,6	937,8	13.510,2	6,7	59,2
340 Lyfjavörur	369,0	5.159,4	2,8	724,4	8.981,9	4,4	74,1
341 Tæki og vörur til lækninga	88,1	3.285,2	1,8	167,0	4.419,0	2,2	34,5
344 Hreinlætis- og snyrtivörur	118,3	42,7	0,0	46,4	109,4	0,1	156,4
35 Skinna- og textílvörur	708,1	990,8	0,5	428,8	786,1	0,4	-20,7
36 Unnin jarðefni	497.056,4	41.816,5	22,9	496.544,7	44.626,2	22,1	6,7
360 Ál	286.022,9	34.252,2	18,8	280.324,0	36.494,5	18,0	6,5
361 Kísiljárn	129.259,6	6.023,5	3,3	118.983,1	6.152,8	3,0	2,1
362 Kísilgúr	27.969,4	710,7	0,4	20.030,0	499,7	0,2	-29,7
363 Salt	1.436,4	54,6	0,0	1.940,5	115,4	0,1	111,5
364 Steinull	3.050,4	133,2	0,1	2.854,5	151,6	0,1	13,8
365 Þang og þaramjöll	57,0	2,4	0,0	18,0	1,9	0,0	-21,1
366 Jarðoliur og olíuvörur	28.843,7	428,3	0,2	52.699,8	1.016,1	0,5	137,3
367 Krýolít	1.374,7	27,5	0,0	1.359,2	16,0	0,0	-41,5
369 Íblöndunarefn fyrir sement	19.042,3	184,2	0,1	18.335,6	178,1	0,1	-3,3
37 Vörur til fiskveiða	4.219,1	4.312,7	2,4	3.641,9	3.702,0	1,8	-14,2
370 Rafeindavogir	418,8	1.893,3	1,0	321,9	1.633,9	0,8	-13,7
371 Fiskinet, -línur, kaðlar o.þ.h.	948,5	976,2	0,5	791,7	879,8	0,4	-9,9
373 Fiskkassar	1.411,8	477,1	0,3	1.164,3	390,7	0,2	-18,1
379 Vörur til fiskveiða ót.a.	1.440,1	966,1	0,5	1.364,0	797,7	0,4	-17,4
38 Ýmsar iðnaðarvörur	1.982,7	1.690,7	0,9	2.319,0	2.874,6	1,4	70,0
381 Umbúðir	1.410,3	294,6	0,2	1.247,3	212,8	0,1	-27,8
382 Álpönnur	193,5	175,4	0,1	170,7	440,2	0,2	151,0
383 Vélar til matvælaframleiðslu	379,0	1.220,7	0,7	901,0	2.221,6	1,1	82,0
39 Aðrar iðnaðarvörur	10.327,3	2.933,7	1,6	9.249,8	4.063,6	2,0	38,5
<b>4 Aðrar vörur</b>	<b>110.767,2</b>	<b>3.571,8</b>	<b>2,0</b>	<b>156.026,7</b>	<b>5.292,5</b>	<b>2,6</b>	<b>48,2</b>
41 Jarðefni	41.611,1	156,1	0,1	79.349,3	230,8	0,1	47,8
42 Endurheimtar vörur	56.378,8	683,1	0,4	67.446,1	950,7	0,5	39,2
43 Flutningsför	9.557,9	1.058,5	0,6	7.375,3	1.882,3	0,9	77,8
430 Notuð skip	9.363,2	899,4	0,5	6.503,8	384,0	0,2	-57,3
431 Endurbætur fiskiskipa	1,0	2,6	0,0	—	—	—	—
432 Flugvélar	0,6	17,2	0,0	0,2	2,0	0,0	-88,5
433 Bílar, notaðir eða endurseldir	193,2	139,3	0,1	871,2	1.496,4	0,7	974,3
49 Aðrar vörur	3.219,3	1.674,1	0,9	1.856,0	2.228,7	1,1	33,1

**Tafla 6. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árin 2003–2004**

Cif-verð á gengi hvors árs	2003			2004			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>2.869.849,2</b>	<b>216.525,1</b>	<b>100,0</b>	<b>3.213.125,8</b>	<b>260.430,8</b>	<b>100,0</b>	<b>20,3</b>
<b>1 Matvörur og drykkjarvörur</b>	<b>206.095,5</b>	<b>20.228,8</b>	<b>9,3</b>	<b>206.947,5</b>	<b>23.334,4</b>	<b>9,0</b>	<b>15,4</b>
111 Óunnar, einkum til iðnaðar	96.956,1	5.450,9	2,5	98.807,7	6.976,6	2,7	28,0
112 Óunnar, einkum til heimilisnota	24.382,8	2.825,5	1,3	26.916,5	3.444,3	1,3	21,9
121 Unnar, einkum til iðnaðar	26.386,3	1.236,8	0,6	19.811,0	1.234,5	0,5	-0,2
122 Unnar, einkum til heimilisnota	58.370,3	10.715,6	4,9	61.412,2	11.679,0	4,5	9,0
<b>2 Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.</b>	<b>1.559.749,1</b>	<b>59.045,1</b>	<b>27,3</b>	<b>1.734.869,2</b>	<b>68.281,2</b>	<b>26,2</b>	<b>15,6</b>
210 Óunnar	586.647,7	3.797,0	1,8	611.682,9	3.887,5	1,5	2,4
220 Unnar	973.101,3	55.248,1	25,5	1.123.186,3	64.393,7	24,7	16,6
<b>3 Eldsneyti og smurolíur</b>	<b>840.337,1</b>	<b>16.431,0</b>	<b>7,6</b>	<b>966.252,6</b>	<b>23.347,9</b>	<b>9,0</b>	<b>42,1</b>
310 Óunnið eldsneyti	85.809,4	623,5	0,3	105.241,9	860,2	0,3	38,0
321 Bensín, þ.m.t. flugvélabensín	140.170,9	3.307,5	1,5	152.987,1	4.479,0	1,7	35,4
322 Annað unnið eldsneyti og smurolíur	614.356,8	12.500,0	5,8	708.023,5	18.008,6	6,9	44,1
<b>4 Fjárfest.vörur (þó ekki flutn.tæki)</b>	<b>174.436,7</b>	<b>48.862,5</b>	<b>22,6</b>	<b>187.338,9</b>	<b>56.077,6</b>	<b>21,5</b>	<b>14,8</b>
410 Fjárfestingarvörur	29.933,5	32.965,3	15,2	32.959,1	37.364,8	14,3	13,3
420 Hlutar til þeirra	144.503,1	15.897,2	7,3	154.379,8	18.712,8	7,2	17,7
<b>5 Flutningatæki</b>	<b>40.290,1</b>	<b>28.659,6</b>	<b>13,2</b>	<b>61.757,1</b>	<b>42.180,9</b>	<b>16,2</b>	<b>47,2</b>
510 Fólksbílar (þó ekki almenningsvagnar)	15.984,5	12.462,0	5,8	21.449,7	17.856,0	6,9	43,3
521 Flutn.tæki til atv.rek. (ekki skip, flugv.)	9.725,4	6.422,6	3,0	14.069,1	7.837,2	3,0	22,0
522 Önnur flutningatæki, til einkanota	749,5	611,9	0,3	1.139,8	973,7	0,4	59,1
530 Hlutar til flutningatækja	6.531,5	5.206,2	2,4	8.054,1	6.902,4	2,7	32,6
540 Skip	7.223,6	2.794,3	1,3	16.807,7	3.420,3	1,3	22,4
550 Flugvélar	75,6	1.162,6	0,5	236,7	5.191,2	2,0	346,5
<b>6 Neysluvörur ót.a.</b>	<b>48.203,8</b>	<b>42.991,4</b>	<b>19,9</b>	<b>55.411,4</b>	<b>46.964,2</b>	<b>18,0</b>	<b>9,2</b>
610 Varanlegar (t.d. heimilistæki)	17.830,8	10.274,1	4,7	21.171,4	11.976,4	4,6	16,6
620 Hálf-varanlegar (t.d. fatnaður)	13.311,0	15.640,2	7,2	15.308,8	16.614,8	6,4	6,2
630 Óvaranlegar (t.d. tóbak, lyf)	17.062,0	17.077,1	7,9	18.931,2	18.372,9	7,1	7,6
<b>7 Vörur ót.a (t.d. endursendar vörur)</b>	<b>737,0</b>	<b>306,8</b>	<b>0,1</b>	<b>549,1</b>	<b>244,7</b>	<b>0,1</b>	<b>-20,2</b>
700 Vörur ót.a. (t.d. endursendar vörur)	737,0	306,8	0,1	549,1	244,7	0,1	-20,2

**Tafla 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2000–2004**

Fob-verð á gengi hvers árs	2000		2001		2002		2003		2004		Breyting '03-'04
	Millj. kr.	%									
<b>Samtals</b>	<b>149.272,8</b>	<b>100,0</b>	<b>196.582,2</b>	<b>100,0</b>	<b>204.303,0</b>	<b>100,0</b>	<b>182.580,0</b>	<b>100,0</b>	<b>202.373,0</b>	<b>100,0</b>	<b>10,8</b>
<b>EES</b>	<b>108.666,3</b>	<b>72,8</b>	<b>147.854,8</b>	<b>75,2</b>	<b>157.084,2</b>	<b>76,9</b>	<b>142.893,0</b>	<b>78,3</b>	<b>158.245,8</b>	<b>78,2</b>	<b>10,8</b>
Austurríki	169,6	0,1	266,5	0,1	224,4	0,1	268,4	0,1	415,4	0,2	54,8
Belgía	2.231,5	1,5	2.798,9	1,4	3.209,7	1,6	3.215,8	1,8	3.665,4	1,8	14,0
Bretland	28.819,7	19,3	35.839,1	18,2	35.739,0	17,5	31.990,1	17,5	38.521,4	19,0	20,4
Danmörk	6.311,2	4,2	8.282,1	4,2	9.417,4	4,6	9.315,3	5,1	9.580,9	4,7	2,9
Eistland	268,3	0,2	388,8	0,2	89,8	0,0	237,5	0,1	50,9	0,0	-78,6
Finnland	918,3	0,6	1.326,5	0,7	1.867,1	0,9	1.336,0	0,7	1.022,1	0,5	-23,5
Frakkland	6.845,3	4,6	7.687,9	3,9	7.500,7	3,7	7.381,5	4,0	8.155,1	4,0	10,5
Grikkland	960,0	0,6	1.196,0	0,6	1.475,4	0,7	2.113,7	1,2	2.323,3	1,1	9,9
Holland	11.544,9	7,7	21.442,1	10,9	22.059,4	10,8	20.459,9	11,2	21.753,8	10,7	6,3
Írland	315,9	0,2	284,1	0,1	329,0	0,2	342,9	0,2	351,1	0,2	2,4
Ítalía	2.196,2	1,5	2.517,1	1,3	2.762,9	1,4	2.464,7	1,3	2.180,3	1,1	-11,5
Kýpur	217,4	0,1	14,6	0,0	142,9	0,1	149,5	0,1	24,8	0,0	-83,6
Lettland	112,5	0,1	694,3	0,4	542,0	0,3	195,9	0,1	250,9	0,1	28,1
Liechtenstein	—	—	—	—	—	—	0,1	0,0	1,9	0,0	•
Litháen	268,6	0,2	784,0	0,4	1.434,4	0,7	1.295,3	0,7	1.927,8	1,0	48,8
Lúxemborg	32,3	0,0	55,2	0,0	63,8	0,0	54,4	0,0	176,8	0,1	225,2
Malta	2,9	0,0	33,3	0,0	14,5	0,0	83,9	0,0	183,5	0,1	118,7
Noregur	5.940,4	4,0	10.384,3	5,3	9.332,6	4,6	8.157,4	4,5	6.086,9	3,0	-25,4
Portugal	8.438,8	5,7	10.816,3	5,5	8.865,0	4,3	6.916,4	3,8	6.816,4	3,4	-1,4
Pólland	409,9	0,3	1.035,5	0,5	1.326,0	0,6	1.120,7	0,6	2.394,6	1,2	113,7
Slóvakia	10,2	0,0	30,2	0,0	18,4	0,0	15,9	0,0	10,0	0,0	-37,4
Slóvenia	9,6	0,0	16,2	0,0	8,5	0,0	8,3	0,0	17,0	0,0	104,4
Spánn	6.791,6	4,5	10.538,6	5,4	10.693,9	5,2	11.546,5	6,3	14.025,4	6,9	21,5
Svíþjóð	1.324,8	0,9	2.084,7	1,1	2.174,3	1,1	2.348,9	1,3	2.228,7	1,1	-5,1
Tékkland	11,7	0,0	42,2	0,0	17,3	0,0	30,1	0,0	18,5	0,0	-38,5
Ungverjaland	4,7	0,0	4,1	0,0	28,0	0,0	14,4	0,0	181,6	0,1	•
Þýskaland	24.509,9	16,4	29.292,2	14,9	37.747,9	18,5	31.829,3	17,4	35.881,4	17,7	12,7
